Fundargerð

181. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
9. apríl 2024, kl. 11:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Þátttökutölur barna og ungmenna í íþróttum í Reykjanesbæ 2023 (2024030571)

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar sagði frá þátttökutölum barna og ungmenna í íþróttum og tómstundum í Reykjanesbæ árið 2023.

   Helstu tölur eru að þátttaka barna 4 til 18 ára hækkar úr 56 % í 60,6 % og þátttaka erlendra barna úr 27,2 % í 30,7 %

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Maciej Baginski rekstrarfulltrúa hagdeildar fyrir vel unna greiningarvinnu.

2. Málefni Glímudeildar UMFN (2023110166)

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi lagði fram gögn sem send verða til lögmanns Glímudeildar UMFN.

3. Nettóhöllin - upplýsingagjöf til ÍT ráðs (2023080210)

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir tilraunaverkefnið um Nettóhöllina.

   Íþrótta- og tómstundaráð lýsir yfir ánægju með verkefnið.

4. Taekwondodeild Keflavíkur - beiðni um kaup á búnaði (2023090119)

   Íþrótta- og tómstundaráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

5. Skátafélagið Heiðabúar - samningur um smíðavöll 2024 (2024030117)

   Samningurinn lagður fram og samþykktur.

6. Atvinnustefna Reykjanesbæjar - beiðni um umsögn (2023020501)

   Atvinnu- og hafnaráð óskar eftir umsögnum um meðfylgjandi drög að atvinnustefnu Reykjanesbæjar 2024 – 2034.

Íþrótta- og tómstundaráð lýsir yfir ánægju með vel unnin drög að atvinnustefnu og gerir ekki athugasemdir við þau.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.55